

Sæll Birkir

Ég hef áætlað kostnað við borun hitaholu í landi Þjórsárholts í samræmi við samtalið okkar í morgun.

Annars vegar er um að ræða víðara prógramm með 10 ¾" vinnslufórðingu og hins vegar þrengra prógramm með 8 5/8" vinnslufórðingu.

Eftirfarandi er lagt til grundvallar áætlunum:

A. Kostnaður vegna undirbúnings, samantektar búnaðar, flutninga, ferða o.fl. sama hvor valkostur borliða (B.1 eða B.2) er valinn:

Áætlaður kostnaður: 803 þ.kr. án vsk.

B. Borverk:

B.1, víðara prógramm:

- 14" borun og forðing í 6m.
- 12 ¼" borun fyrir vinnslufórðingu í 50m dýpi.
- 10 ¾" vinnslufórðing í 50m dýpi.
- Steyping fóðringar.
- 6 ½" borun með loftborskrónu frá 50m í 140m dýpi.
- 6 ¼" hjólakrónuborun frá 140m í 150m dýpi.
- Flans og slétt lok á holutopp.

Áætlaður kostnaður: 5.867 þ.kr. án vsk.

B.2, þrengra prógramm:

- 10 3/4" borun og forðing í 6m.

- 6 ½" "pilot" borun í 50m dýpi.
- 6 ½" - 10" rýming í 50m dýpi.
- 8 5/8" fóðring í 50m dýpi
- Steyping fóðringar.
- 6 ½" borun með loftborskrónu frá 50m í 140m dýpi.
- 6 ¼" hjólakrónuborun frá 140m í 150m dýpi.
- Flans og slétt lok á holutopp.

Áætlaður kostnaður 4.699 þ.kr. án vsk.

Aðrar forsendur:

- Verkkaupi sér bormönnum fyrir fæði á verktíma.
- Verkkaupi sér um að gott aðgengi sé að borstað og borplan nægilega stórt og tryggt.
- Miðað er við að nægilegt vatn til hjólakrónuborunar sé nærtækt (ca. 10 l/s) komi til hennar.

Vinsamlegast láttu okkur vita um ykkar afstöðu til þessa þegar hún liggur fyrir.

Kveðja,

Guðmundur Karl Guðjónsson
Verkefnastjóri
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.
g.karl@raekto.is<<mailto:g.karl@raekto.is>>
GSM: 89 44 333